

Frumlag og fall að fornu

0. Inngangur

Undanfarin 20 ár hefur það verið almenn skoðun meðal málfræðinga að nútímaíslenska hafi frumlög í öðrum föllum en nefnifalli.¹ Þessu var fyrst haldið fram í grein Andrews (1976), og hefur síðan verið tekið upp og rökstutt frekar í fjölda rita, t.d. hjá Höskuldi Þráinssyni (1979), Zaenen, Maling & Höskuldi Þráinssyni (1985) og ítarlegast hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1989, 1991).

Hér er um tvennt að ræða; annars vegar eru sagnir sem áður voru kallaðar „ópersónulegar“, vegna þess að þær standa alltaf í 3. persónu eintölu og taka ekki með sér neinn nefnifallslið, eins og í eftirfarandi dæmum:

- (1) a. Mig vantar peninga.
- b. Mér kólnar.
- c. Mín var saknað.

Hins vegar eru svo sagnir sem taka með sér tvo nafnliði (rökliði); annan í nefnifalli en hinn í þágufalli, og þágufallsliðnum er „eðlilegt“ að standa fremst:

- (2) a. Mér líkar fyrirlesturinn vel.
- b. Mér leiddist bókin.

Í hefðbundinni setningafræði eru slíkar sagnir venjulega ekki taldar ópersónulegar, heldur talið að nefnifallsliðurinn sé frumlag, og þágufallsliðurinn andlag. Það má þó með ýmsum ráðum sýna fram á að frá setningafræðilegu sjónarmiði hlýtur þágufallsliðurinn að gegna frumlagshlutverki; það er hann sem hagar sér setningafræðilega eins og frumlög eru vön að

¹ Á norrænni málfræðiráðstefnu í Reykjavík sumarið 1990 flutti ég erindi sem hét *Quirky Subjects in Old Icelandic*, og birtist ári síðar á prenti í ráðstefnuriti (Eiríkur Rögnvaldsson 1991). Þar reyndi ég að færa rök að því að aukafallsfrumlög hafi verið komin til sögu í fornu máli. Síðan þetta var hafa þó ýmsir komist að annarri niðurstöðu, eins og fram kemur hér á eftir. Bæði Mørck (1992) og Kristoffersen (1994) vitna í grein mína frá 1991, en telja röksemdir mínar of veigalitar til að hægt sé að fullyrða að aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli. Nokkuð er til í því; en ég þykist þó geta sýnt fram á að þau dæmi sem þeir tína til, og eiga að sýna að þeir aukafallsnafnliðir sem ég taldi til frumlaga hagi sér í sumum tilvikum öðruvísi en venjuleg nefnifallsfrumlög, séu annaðhvort röng eða hafi ekkert gildi. Þar við bætist að síðan ég flutti erindið árið 1990 tel ég mig hafa fundið ný og góð rök fyrir því að aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli. Þess vegna fannst mér full ástæða til að taka málið hér upp á nýjan leik.

Þessi grein er samin upp úr erindi á 10. Rask-ráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins í janúar 1996. Ég þakka áheyrendum þar og á ráðstefnunni árið 1990 fyrir athugasemdir. Einnig þakka ég prófessor Jan Terje Faarlund í Þrándheimi fyrir að bjóða mér að flytja fyrirlestur um efnið við háskólann þar vorið 1996; og Höskuldi Þráinssyni fyrir gagnlegar athugasemdir við þessa gerð greinarinnar.

gera, en nefnifallsliðurinn hagar sér á annan hátt. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta hér, en um þetta má víða lesa, t.d. hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1991).

En þótt frumlagseðli aukafallsnafnliðanna í (1)-(2) sé nú nokkurn veginn óumdeilt gegnir öðru máli um svipaðar setningar í forníslenskum textum, eins og t.d. (3)-(4):

- (3) a. Mig vantar verkstjóra (*Víga-Glúms saga*, s. 1924)
b. Því að oss kólnar á klónum. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 975)
c. Þormóðar var saknað á þinginu. (*Fóstbræðra saga*, s. 826)
- (4) a. Honum líkar þetta illa. (*Flóamanna saga*, s. 761)
b. Finnboga leiðist nú ákefð hans (*Finnboga saga ramma*, s. 647-8)

Því hefur verið haldið fram að slíkar setningar hafi aukafallsfrumlög rétt eins og nútímamálssetningarnar í (1)-(2) (sjá t.d. Faarlund 1980, Helga Bernóðusson 1982, Eirík Rögnvaldsson 1991); en aðrir hafa sett fram gagnstæða skoðun. Þar má einkum nefna Mørck (1992), en einnig Faarlund (1990, 1992), Kristoffersen (1991, 1994) - og fleira mætti eflaust tína til. Bæði Mørck og Kristoffersen telja sig hafa fundið vísbendingar um að aukafallsnafnliðir eins og í (3)-(4) hagi sér í sumum tilvikum öðruvísi en venjuleg nefnifallsfrumlög. Rétt er að vekja athygli á að þrátt fyrir þetta draga Faarlund, Mørck og Kristoffersen ekki í efa að aukafallsfrumlög séu til í nútímaíslensku.

Í þessari grein verða rök með og móti frumlagseðli aukafallsnafnliða í fornu máli vegin og metin. Fyrst er rætt nokkuð um skilgreiningu á hugtakinu **frumlag**, og síðan sýnd dæmi um ýmsar tegundir forn málssetninga sem yrðu taldar hafa aukafallsfrumlög ef þær væru úr nútímamáli. Þá eru rakin lauslega helstu skrif um aukafallsfrumlög í fornu máli. Síðan eru tekin fyrir ýmis rök sem hafa verið færð fram gegn frumlagseðli aukafallsnafnliða að fornu, og sýnt fram á að þau hafa lítið gildi. Að því loknu eru sett fram rök fyrir frumlagseðli títtnefndra aukafallsnafnliða í fornu máli. Niðurstaða greinarinnar er sú að ekki sé munur á falli frumlaga í forn máli og nútímamáli; geri menn á annað borð ráð fyrir aukafallsfrumlögum í nútímamáli, þá sé engin ástæða til annars en ætla að þau hafi einnig verið til að fornu.

1. Frumlög

1.2 Hugtakið frumlag

Hvað er frumlag? Eldri rit um íslenska setningafræði, bæði forn máls og nútímamáls, hafa einfalt svar við þessu; frumlagið er nafnorð (nafnliður) í nefnifalli sem sögnin lagar sig að í tölu og falli. Ef við viljum halda því fram að einhverjir aukafallsnafnliðir séu frumlög verður vitaskuld að hafna þessari einföldu skilgreiningu. En fleiri rök hníga til þess að endurskoða skilgreininguna. Ef fyrirbærið **frumlag** er algilt - kemur fyrir í öllum mannlegum málum - hlýtur að verða að skilgreina það á algildan hátt, án þess að nota hugtök sem ekki eiga við öll mál (**nefnifall**, **samræmi** o.s.frv.).

En jafnvel þótt við værum eingöngu að fást við íslensku, og gerðum ekki ráð fyrir aukafallsfrumlögum, má færa rök að því að ofangreind skilgreining sé ekki á réttri leið, þó svo að hún gangi upp. Ástæðan er sú að hún er byggð á beygingarlegum atriðum (falli og samræmi), en frumlag er setningafræðilegt fyrirbæri. Það virðist eðlilegt að ætlast til þess að

setningafræðileg fyrirbæri séu skilgreind út frá setningafræðilegum hugtökum, ekki beygingarlegum (sbr. Höskuld Þráinsson 1979:464).

Algildar skilgreiningar á frumlagi eru með tvennu móti. Önnur tegundin byggist á hegðun liðanna; upptalningu á eiginleikum sem frumlög hafa en aðrir nafnliðir ekki. Hin tegundin byggist á stöðu liðanna í setningu; þá er sagt að nafnliður sem stendur í tiltekinni stöðu í formgerð setningar sé frumlag hennar. Ýmis vandamál hljóta alltaf að koma upp, hvorri tegundinni sem reynt er að beita.

Vilji menn nota fyrrnefndu aðferðina til að greina frumlög er venjan að byrja á því að skrá alla eiginleika sem eru sameiginlegir þeim nafnliðum sem venjulega eru taldir til frumlaga. Næsta skref er að líta á þá liði sem greina skal, og skoða hvort þeir hafa þessa eiginleika líka. Ef þeir hegða sér í öllum atriðum eins og óumdeild frumlög er væntanlega óhætt að slá þeirri greiningu fastri. En málið vandast ef þessir liðir hafa suma eiginleika frumlaga, en ekki alla. Þá verður að vega og meta hvort sumir eiginleikanna eru mikilvægari en aðrir; hvort e.t.v. sé hægt að benda á eitthvert eitt einkenni sem öll frumlög verði að hafa. Mikið hefur verið skrifað um greiningu frumlaga í þessum anda; sjá t.d. Keenan (1976).

Í generatífri málfræði er skilgreining frumlags byggð á setningarstöðu; frumlag setningar er nafnliður sem stendur í ákveðnum bás í formgerðinni. Á fyrri dögum generatífrar málfræði var alveg ljóst hvaða bás þetta var, en þróun kenningarinnar síðan hefur torvelað beitingu þessa viðmiðs verulega. Og jafnvel þótt við getum ákvarðað hvaða bás í setningu sé hin raunverulega frumlagsstaða er samt eftir að sýna fram á að sá nafnliður sem við viljum telja frumlag setningarinnar standi í þeim bás eða sé í keðjuvenslum (chain relation) við hann (þ.e., sé hlekkur í keðju þar sem annar hlekkur er spor (trace) í frumlagssætinu). Fjölgun mögulegra rökliðabása (argument positions) í seinni tíð (sjá t.d. Chomsky 1993) hefur gert þetta nokkuð snúið.

Ég ætla þó ekki að hætta mér út í umræðu um þessi vandamál hér. Markmið mitt er eingöngu að komast að því hvort staða aukafallsnafnliða hafi eitthvað breyst í íslenskri málsögu, frá formáli til nútímamáls. Ég gef mér að sú niðurstaða margra fræðimanna sé rétt að nútímaíslenska hafi aukafallsfrumlög sem skilgreina megir út frá setningarstöðu; og reyni að sýna að forníslenska hafi líka haft aukafallsnafnliði sem hegðuðu sér á sama hátt. Jafnvel þótt því kynni síðar að verða hafnað að nútímaíslenska hafi aukafallsfrumlög gæti greining mín samt haldið gildi sínu, vegna þess að hún varðar í raun ekki frumlagseðli aukafallsnafnliða í formáli, heldur það hvort setningafræðileg breyting hafi orðið.

1.2 Tegundir setninga

Í eldri skrifum um forníslensku (sem og nútímamál) voru setningar af því tagi sem sýnd voru dæmi um í inngangi kallaðar frumlagslausar, vegna þess að ekki var talið að frumlag gæti verið í öðru falli en nefnifalli eins og áður segir. Nygaard (1905:6-7) segir t.d.:

I visse tilfælde sættes et prædikat i 3die pers. ental for at udtrykke, at noget paa en vis tid indtræder eller finder sted, saaledes at der ikke kan tænkes paa noget udenfor liggende subjekt, hvorom prædikatet udsiges, men subjekts- og prædikatsforestillingen er smeltet sammen og indesluttet i det enkelte led. Om saadanne udsagn kan bruges benævnelsen «subjektløse sætninger».

Þannig er steipt saman í einn flokk tvenns konar setningum sem nú þykir eðlilegra að halda aðskildum. Annars vegar eru það setningar án nokkurs rökliðar, einkum setningar með ýmsum veðurfarssögnum,² og hins vegar setningar án nefnifallsrökliðar, svipaðar þeim sem sýndar eru í (3) hér að framan. Í fornum textum má finna mikinn fjölda slíkra setninga, og margvísleg afbrigði. Ég hef tínt hér til allnokkur dæmi, og skipt þeim í flokka til hægðarauka:

(5) *Setningar með þolfallsnafnið:*

- a. Þorleif dreymdi enn draum og sagði föður sínum
(*Flóamanna saga*, s. 752)
- b. En þó vantar Odd ekki sláturfé.
(*Bandamanna saga*, s. 30)
- c. En það sé eg að þig skortir vopn.
(*Þorgils saga og Hafliða*, s. 11)
- d. Braut fýsir mig nú herra.
(*Auðunar þáttur vestfirska*, s. 2084)

(6) *Setningar með líka/leiðast:*

- a. Og nú leiðist honum þessi athöfn.
(*Bandamanna saga*, s. 26)
- b. Seint leiðist þér að biðja griða til handa Gretti
(*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 992)
- c. Líkar Eyjólfu nú stórilla þetta allt saman.
(*Gísla saga Súrssonar*, s. 946)
- d. Þorgilsu líkar illa við Eirík.
(*Flóamanna saga*, s. 757)

(7) *Setningar með þykja/virðast/finnst/sýnast:*

- a. Þótti honum sem var að Þorkell var vitur maður, skörungur mikill.
(*Ólafs saga helga*, s. 367)
- b. Þykir mönnum þar til gleði gott að drekka mörgum saman.
(*Ólafs saga helga*, s. 378)
- c. Mér virðist svo sem þér þyki lítið gaman að kaupferðum.
(*Svarfdæla saga*, s. 1783)
- d. skulum vér þá dveljast hér hjá yður er vér förum aftur því að mér virðist Finnur vitur maður.
(*Finnboga saga ramma*, s. 633)
- e. Furðu óspáleg sýnist okkur þú vera.
(*Fóstbræðra saga*, s. 810)
- f. Finnst þeim Írum nú mikið um hversu víglegir þessir menn eru.
(*Laxdæla saga*, s. 1564)

(8) *Hjálparsagnir með aukafallsnafnið:*

- a. En fyrir því sótti eg þig heim að mig hafði hér að landi borið
(*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 409)

² Þetta má sjá í eftirfarandi dæmum um „subjektløse sætningar“ (Nygaard 1905:7-8):

- (i) a. þá var myrkt af nótt
- b. dunar í skóginum

Í þessum dæmum er enginn nafniður sem gegnt gæti frumlagshlutverki; þær eru, samkvæmt nútímaskilningi, hinar raunverulegu ópersónulegu setningar. Í nútímamáli er iðulega sett merkingarsnautt *það* í frumlagssæti slíkra setninga, og þær verða hér ekki frekar til umræðu.

- b. Er nú bæði að þér mun vel takast *(Bandamanna saga, s. 9)*
- c. „En eg hugði,“ segir Egill, „að þér skyldi sjá gerð þykja merkileg“
(Bandamanna saga, s. 22)
- d. „Eigi má eg það vita,“ segir sveinninn, „hve okkur má það endast því að menn sækja að okkur öllum megin.“
(Bjarnar saga Hítælakappa, s. 117)
- (9) *Aukafallsnafnliður með hjálparsögn + no. og lo.:*
- a. Þeim var óþokki mikill á allri skipan Hákonar konungs.
(Þorgils saga skarða, s. 592)
- b. Var honum draumur sá ekki mjög skapfelldur.
(Bárðar saga Snæfellsáss, s. 47)
- c. Honum varð laus öxin og féll hún niður.
(Bjarnar saga Hítælakappa, s. 101)
- d. En með því að þeim var lengra lífs auðið kom Þorkell þeim á kjöl.
(Þórðar saga hreðu, s. 2016)
- e. Henni var þá hinn fjórtándi vetur.
(Þorgils saga skarða, s. 627)
- (10) *Aukafallsnafnliður með hjálparsögn + lo. í hk.:*
- a. Henni verður þá kalt og kynlegt við.
(Þorsteins þáttur uxafóts, s. 2313)
- b. Kerling fær ekki sofnað um nóttina, svo var henni bimbult.
(Gísla saga Súrssonar, s. 871)
- c. Var honum orðið heitt.
(Hávarðar saga Ísfirðings, s. 1331)
- d. Og er hann kemur á bæinn gengur hann til baðstofu því að honum var kalt orðið.
(Svínfellinga saga, s. 556)
- e. En er hann kom af Leiruvogsá þá gerði honum kalt mjög og stirðnaði hann.
(Kjalnesinga saga, s. 1445)
- f. Sámur gengur heim til búðar sinnar og var þeim frændum þungt í skapi
(Hrafnkels saga Freysgoða, s. 1403)
- (11) *Þolmynd með aukafallsnafnlið:*
- a. Þorvaldur spyr hver fyrir skipunum réði en honum var sagt að Eyvindur Þórarinsson réð fyrir.
(Hrafn saga Sveinbjarnarsonar, s. 239)
- b. Konungur segir að það var illa orðið er honum var mein gert.
(Ólafs saga helga, s. 510)
- c. Honum var þar vel fagnað.
(Bjarnar saga Hítælakappa, s. 82)
- d. Honum var kostur á boðinn hvað til gamans skyldi hafa, sögur eða dans um kvöldið.
(Þorgils saga skarða, s. 734)
- e. Honum var sagt að til væri saga Tómass erkibiskups
(Þorgils saga skarða, s. 734)

Í umræðu um það hvaða liðir séu frumlög og hverjir ekki hafa verið nýtt ýmis svokölluð **frumlagspróf**, sem byggjast einkum á því að setningum er umsnúið og breytt á ýmsa vegu, og athugað hvernig þær hegða sér við þær breytingar. Þessum prófum hefur smátt og smátt verið að fjölga. Þannig nefnir Halldór Ármann Sigurðsson ein 11 slík próf í doktorsritgerð



sinni (1989), en í grein hans um aukafallsfrumlög (1991) hefur þeim fjölgað í 17.³ Væru setningarnar í (4)-(11) úr nútímamáli mætti beita ýmsum þessara prófa á aukafallsnafnliði þeirra, og niðurstaðan yrði væntanlega sú að þeir höguðu sér setningafræðilega eins og frumlög.

En þar með er auðvitað ekki sagt að sama hafi gilt um forníslensku; vel er hægt að hugsa sér að setningafræðileg staða liða af þessu tagi hafi þar verið önnur. Og þá komum við að takmörkunum frumlagsprófanna. Eins og áður segir byggjast þau flest á því að skoða fleiri en eitt tilbrigði setningar, og einnig þurfa að vera tiltækir málnotendur sem geta dæmt tilbrigðin góð eða vond eftir atvikum. Í sögulegri setningafræði er hins vegar sjaldgæft að við höfum aðgang að öllum þeim tilbrigðum sem nauðsynleg eru til að prófið hafi fullt gildi; ótækar setningar höfum við t.d. ekki, hvað þá lifandi forníslenska málhafa. Því er margfalt erfiðara að skera úr um frumlagseðli aukafallsnafnliða í fornu máli en í nútímamáli.

2. Fyrri greiningar

2.1 Fyrstu athuganir

Sá fyrsti sem mér vitanlega vísar að hugsanlegum aukafallsfrumlögum í fornu máli er Höskuldur Þráinsson í doktorsritgerð sinni (1979:474-476). Eftir að hafa fært rök að því að nútímaíslenska hafi aukafallsfrumlög bendir hann á að vel geti verið að þeir aukafallsnafnliðir hafi gegnt öðru setningafræðilegu hlutverki í fornu máli, og breyting hafi orðið. Höskuldur telur ekki ólíklegt að sumar sagnir hafi tekið bæði setningafræðilegri og merkingarlegri breytingu, þannig að staða einstakra rökliða hafi breyst. Þetta er sýnt í (12), þar sem (12a) er hugmynd Höskuldar (1979:475) um stöðu sagnarinnar *vanta* í fornmáli, en (12b) á að sýna stöðu hennar í nútímamáli. Breytingin er þá sú að í stað tóms frumlagssætis og tveggja andlaga að fornu tæki sögnin nú þolfallsfrumlag og eitt andlag. Breyttar hugmyndir í setningafræði valda því að vísu að nú yrði þetta sett öðruvísi fram, en meginatriðið er að þarna er gert ráð fyrir breytingu frá fornmáli til nútímamáls. Það verður þó að leggja áherslu á að þetta er aðeins hugmynd Höskuldar um mögulega þróun, en byggist ekki á rannsóknum á setningafræði fornmáls.



Um svipað leyti setti Faarlund (1980) fram þá skoðun að hugtakið **frumlag** væri merkingarlaust í fornmáli ef það væri bundið við nefnifallsliði. Hann taldi eðlilegt að nota þetta hugtak um liði sem hefðu tiltekin venzl við sögnina og gegndu tilteknu temafísku (eða

³ Halldór dregur þá ályktun af niðurstöðunum að rökkin fyrir frumlagseðli aukafallsnafnliða séu yfirgnæfandi, þótt hann bæti því við að líklegt sé að sum prófanna séu í raun ekki próf á frumlagseðli, heldur dæmigerða frumlagseiginleika (Halldór Ármann Sigurðsson 1989:209).

röklegu) hlutverki í setningunni; og þeir liðir gætu borið ýmis föll, rétt eins og t.d. andlög.⁴

Helgi Bernóðsson (1982) mun fyrstur hafa orðið til að beita frumlagsprófum á aukafallsnafnliði í fornu máli. Hann notaði þrjú próf; afturbeygingu, tengieyðingu, og andlæga frumlagslyftingu, og komst að þessari niðurstöðu.⁵

Þau þrjú "frl.-próf" sem hér hafa verið reifuð benda öll í sömu átt, þ.e. að aukaföll í ÓS [ópersónulegar setningar, ER] hafi haft setningarlega stöðu frl. [...] Ekkert hinna þriggja prófa telst verulega sterk röksemd fyrir frl.-hegðun aukafalla í ÓS, en saman þrjú verður að telja að þau gefi sterka vísbendingu um að staða aukafalla í ÓS hafi ekki verið með öðrum hætti í fornu máli en er í nútímamáli (Helgi Bernóðsson 1982:208).

Halldór Ármann Sigurðsson (1994) tók rök Helga til skoðunar og taldi að þau væru léttvæg, vegna þess að tvær þeirra formgerða sem próf hans byggðust á, afturbeyging og tengieyðing, hefðu lotið ólíkum lögmálum í fornu máli.⁶ Þar að auki virtust Halldóri

⁴ Síðar hefur Faarlund þó skipt um skoðun, og vill nú skilgreina frumlag út frá nefnifalli, eins og fram kemur í eftirfarandi tilvitnun:

For Old Norse, I defined 'subject' pretheoretically as a nominative NP, and the study of subject properties in Old Norse above did not give us any reason to establish a subject category on any other basis (Faarlund 1987a:40).

⁵ Í nútímamáli verður að vísa til frumlags (innan einfaldrar setningar) með afturbeygðu fornafrni; ekki er hægt að nota persónufornafrni; og sama máli gegnir um aukafallsfrumlög. Helgi benti á að sama máli virtist gegna um forníslensku, eins og sést í (i):

- (i) a. honum_i þótti Styr bróðir sinn_i mjög sitja yfir sínum_i hlut og hafa ójafnað við sig_i sem flesta aðra
(*Eyrbyggja saga*, s. 563)
- b. Þótti honum_i hinn mesti skaði eftir Sighvat bróður sinn_i,
(*Íslendinga saga*, s. 425)

Í nútímamáli hægt að sleppa frumlagi hinnar seinni af tveim hliðskipuðum setningum, að því tilskildu að það hafi sömu tilvísun og frumlag fyrri setningarinnar í hliðskipuninni. Eins og oft hefur verið bent á (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1982) gegnir sama máli þótt sögnin í annarri hvorri setningunni taki aukafallsfrumlag. Helgi sýndi fram á að setningar á við (ii) eru vissulega til í forn máli (sjá enn fremur Þóru Björk Hjartardóttur 1993):

- (ii) a. Það var einn dag er Ófeigur karl_i gekk frá búð sinni og ____i var áhyggjumikið (*Bandamanna saga*, s. 12)
- b. Honum_i líkar illa og ____i fer á fund Guðmundar og segir honum.
(*Ljósvetninga saga*, s. 1721)

⁶ Í fornu máli er nefnilega mun algengara en nú að afturbeygt fornafrni vísi til annars liðar en frumlags (sjá Friðrik Magnússon 1985). Dæmi um það má sjá í (i):

- (i) a. Egill þakkaði konungi_i orð sín_i (Egils saga Skallagrímssonar, s. 440)
- b. Nú bið eg þig að þú látir þá_i kenna á sjálfum sér_i fyrir sín_i illyrði.
(*Króka-Refs saga*, s. 1522)

Í sumum tilvikum, a.m.k. með so. þakka, virðist afturbeyging vera skyldubundin þótt vísað sé til andlags í setningum eins og (ia). Þetta þýðir ekki að hegðun afturbeygingar mæli gegn því að aukafallsnafnliðir hafi verið frumlög í fornu máli; en hún styður það ekki.

Svipuðu máli gegnir um tengieyðingu. Eins og bent hefur verið á (sjá t.d. Þóru Björk Hjartardóttur 1993) eru ýmiss konar nafnliðaeyður mun fjölbreyttari í fornu máli en nú, og ekki bundnar við að eyðan (eða hið ósýnilega hlutverk) hafi sama hlutverk og liðurinn sem hún vísar til:

aukafallsnafnliðir ekki lúta alveg sömu lögmálum um orðaröð og nefnifallsfrumlög; „það virðist í fljótu bragði fátíðara í fornu máli en nú að „frumlagsígildi“ séu í frumlagssæti“, segir hann (1994:47-48). Hann tekur þó fram að á þessu hafi hann ekki gert neina skipulega könnun, en telur að sömu skoðun megi lesa út úr ummælum Nygaards (1905:344-345) og Heuslers (1967:174).

Ef í ljós kæmi að aukafallsnafnliðir eins og hér eru til umræðu stæðu oftast á eftir sögninni en nefnifallsfrumlög gera, og oftast en aukafallsfrumlög í nútímamáli gera, þá drægi úr sennileik þess að aukafallsnafnliðirnir hefðu verið setningafræðileg frumlög að fornu. Það væri þó mjög erfitt að meta gildi slíks munar, ef sannreyndur væri, vegna þess að staða nefnifallsfrumlaga miðað við sagnir er líka mismunandi eftir sögnum (sbr. Platzack 1985). Frumathugun sem ég hef gert bendir reyndar ekki til þess að munur sé á aukafallsnafnliðum og nefnifallsfrumlögum að þessu leyti.⁷

2.2 Rök gegn aukafallsfrumlögum

Ítarlegustu könnunina sem gerð hefur verið á þessu máli er að finna í grein Mørcks (1992), sem reyndar fjallar ekki bara um fornmálið, heldur líka eldri norsku. Mørck telur sig ekki heldur finna nein skýr og ótvíræð frumlagseinkenni á aukafallsnafnliðum; hins vegar telur hann þá greinast frá nefnifallsfrumlögum á a.m.k. þrennan hátt:

Med en gang kan vi slå fast at nominativledd skiller seg ut i norrønt ved å ha noen subjektsegenskaper som ingen av de andre leddtypene ser ut til å ha: For det første kongruerer ikke verbalet med ledd i andre kasus enn nominativ, for det andre er det bare nominativledd som kan gjennomgå lik-NP-stryking, og for det tredje kan nominativledd strykes friere enn andre ledd i imperativsetninger (Mørck 1992:86).

Fyrsta atriðið sem Mørck (1992) nefnir er auðvitað óumdeilt og óumdeilanlegt; sagnir samræmast eingöngu nefnifallsliðum. Það er reyndar ekki bundið við íslensku, heldur mjög algengt og jafnvel algilt (sbr. Höskuld Þráinsson 1979:466). Vilji menn binda skilgreiningu frumlags við þetta, er auðvitað ljóst að aukafallsfrumlög eru ekki til, hvorki að fornu né nýju. Ef við föllumst hins vegar á þá almennu skoðun, eins og Mørck gerir reyndar líka, að til séu

-
- (ii) a. Hann höggur sverðinu, ... og kom ____i í þvertréið (Brennu-Njáls saga, s. 250)
b. „Vörn fannst í málinu,“ segja þeir, „og var ____i rangt til búið.“ (Bandamanna saga, s. 9)

Þetta frumlagspróf gefur því ekki heldur örugga niðurstöðu í fornu máli.

⁷ Athuginin tók til afstöðu fornafna 1. og 3. persónu til nokkurra sagna í textasafni mínu, sem hefur að geyma Íslendinga sögur, Sturlunga sögu, Heimskringlu, Landnámabók og Grágás. Ég valdi 6 sagnir sem taka aukafallsfrumlög í nútímamáli (*dreyma, skorta, vanta, líka, leiðast, þykja*) og jafnmargar sem taka nefnifallsfrumlög að fornu og nýju (*koma, fara, mæla, segja, vita, vilja*). Verulegur munur kom fram á sögnunum; hjá sumum þeirra var röðin mun oftast frumlag - sögn en sögn - frumlag, en hjá öðrum var útkoman þveröfug. Það varð hins vegar ekki séð að þarna skipti máli hvort fornafnið væri í nefnifalli eða aukafalli. Á hinn bóginn kom í ljós að VS-röð (þ.e. röðin sögn - frumlag) er mun algengari með 1. persónu fornafni en 3. persónu, hvort sem fornafnið er í nefnifalli eða aukafalli.

aukafallsfrumlög í nútímaíslensku, skiptir þetta atriði engu máli í forníslensku, því að engin breyting hefur orðið á því.

Þriðja atriðið sem Mørck (1992) nefnir í tilvitnuninni hér að framan eru boðhátarsetningar. Hann bendir á að frumlagi boðhátarsetninga er mjög oft sleppt í fornu máli, eins og auðvitað í nútímaíslensku líka. Um þetta segir hann:

Alle de norrøne og mellomnorske imperativsetningene som jeg har vært borti, har et verbal som tar eller kan ta et nominativledd, og jeg har ikke funnet noen imperativsetninger med et verbal som tar eller kan ta et potensielt oblikt subjekt. Det kan bety at det ikke fins imperativsetninger med uttrykt eller utelatt potensielt oblikt subjekt, men det kan også være at jeg tilfeldigvis ikke har kommet over noen slike setninger (Mørck 1992:66).

Hér þarf þó að gæta að merkingu þeirra sagna sem um ræðir. Aukafallsnafnliðurinn sem yrði greindur sem frumlag í nútímamáli er í flestum tilvikum SKYNDANDI/REYNANDI (experiencer). Þetta eru sem sé yfirleitt sagnir sem tákna skynjun, tilfinningar o.þ.h.; og slíkar sagnir, eins og t.d. *dreyma*, *langa*, *líka* o.s.frv., er af merkingarlegum ástæðum varla hugsanlegt að nota í boðhætti. Barnes (1986) hefur bent á hið sama í umfjöllun um aukafallsfrumlög í færeysku:

Because of the semantics of verbs with PVONs [pre-verbal oblique nominals, þ.e. aukafallsnafnliði á undan sögn, ER] - they virtually all denote a mental state [...] - it is hard to find acceptable examples illustrating their use in imperative constructions (Barnes 1986:25).

Þess vegna er tæplega við því að búast að við finnum dæmi um að aukafallsnafnlið sé sleppt í boðhátarsetningum. Slík dæmi eru a.m.k. varla til í nútímamáli, og ef fjarvist þeirra þar kemur ekki í veg fyrir að nútímamál sé talið hafa aukafallsfrumlög ætti hið sama að gilda um formálið. Barnes (1986:25) nefnir reyndar nokkur dæmi úr færeysku þar sem aukafallsfrumlagi virðist vera sleppt í boðhætti, en eins og hann bendir sjálfur á (1986:45) er gildi þeirra óljóst, þar eð margar færeyskar sagnir sem taka aukafallsfrumlög geta líka tekið nefnifallsfrumlög.

2.3 Völdunarsetningar

Annað atriðið sem Mørck nefnir, „lik-NP-stryking“, er það sem eitt sinn var kallað „equi-NP-deletion“ (eyðing samsvarandi nafnliðar, sjá t.d. Höskuld Þráinsson 1979). Það felst í því að nafnhátarsetning sem er fylliliður með tilteknum sögnum, og hefur ekkert frumlag á yfirborðinu, er skilin svo að frumlag hennar sé hið sama og frumlag eða andlag aðalsetningar. Áður var gert ráð fyrir því að í djúpperð hefði nafnhátarsetningin sérstakt frumlag, sem síðan væri „eytt“ vegna samvísunar við frumlag eða andlag móðursetningarinnar. Nú er hins vegar gert ráð fyrir sérstakri tegund núlliða, PRO, í frumlagssæti slíkra nafnhátarsetninga, og sagt að PRO sé **valdað** (controlled) af frumlagi eða andlagi móðursetningarinnar. Eins og oft hefur verið bent á (sjá t.d. Andrews 1976, Höskuld Þráinsson 1979, Halldór Ármann Sigurðsson 1989) eru þess dæmi í nútímamáli að frumlag aukasetningarinnar ætti að vera í aukafalli:

(13) a. Ég_i vonast til [að PRO_i vanta ekki efni í ritgerðina].

(Höskuldur Þráinsson 1979)

b. Hann_i vonast til [að PRO_i leiðast ekki].

(Halldór Ármann Sigurðsson 1989)

Þetta hefur venjulega verið talin sterk röksemd fyrir frumlagseðli aukafallsnafnliða, og í nýrri grein lítur Falk (1995) t.d. á þetta sem fullnaðarsönnun fyrir því að nútímaíslenska hafi aukafallsfrumlög:

Den egenskap som i mitt tykke helt avgörande bevisar det oblika ledets subjeksstatus är att det kan fungera som tankesubjekt i infinitivfraser [...] (Falk 1995:203).

Það væri því mjög æskilegt að einhver dæmi í líkingu við (13) fyndust í fornu máli. Yfirleitt hafa menn þó talið að svo sé ekki, og eingöngu sé um að ræða nefnifallsfrumlög í setningum af þessu tagi; það telja bæði Faarlund (1987b:72) og Kristoffersen (1991:85). Mørck (1992) segist líka hafa leitað sérstaklega að dæmum á við (13), en án árangurs:

Både i det norrøne og i det mellomnorske materialet har jeg lett spesielt etter infinitivledd med verb som kan knytte til seg et potensielt oblikt subjekt, for å prøve å finne ut om et slikt oblikt ledd kan bli fjerna ved lik-NP-stryking på samme måte som et nominativledd. Men jeg har ikke funnet noen eksempel som tyder på det, så jeg meiner at vi får holde fast ved at lik-NP-stryking bare virker på nominativledd, inntil noe anna kan dokumenteres. [...] Vi kan [...] nøye oss med å re gistrere at nominativledd ser ut til å stå i ei særstilling med omsyn til muligheten for å gjennomgå lik-NP-stryking, og behøver ikke å bry oss om årsaken til dette (Mørck 1992:71).

Ég hef ekki heldur fundið nein dæmi sem ótvírætt séu af þessu tagi (sjá þó 3.3); en ég held að við því sé ekki að búast, og það mæli á engan hátt gegn því að aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli. Eins og ég hef áður bent á (1991) eru dæmi á við (13) nefnilega ákaflega sjaldgæf í nútímamáli, þótt annað mætti ætla af þeirri athygli sem þau hafa fengið. Mørck (1992:90) viðurkennir líka að vegna lágrar tíðni þessarar formgerðar megi ekki byggja of mikið á þessari röksemd. Því má bæta við að eftir því sem ég fæ best séð hafa allir þeir sem um þessa formgerð hafa fjallað notað eina og sömu sögnina til að stjórna slíkum nafnháttum, nefnilega *vonast til*, og sú sögn kemur alls ekki fyrir í fornu máli.

Þar að auki eru merkingarlegar ástæður fyrir því að ekki er hægt að búast við mörgum dæmum um PRO í stað aukafallsnafnliða. Merking flestra þeirra sagna sem taka með sér fyllisetningar með PRO er þess eðlis að frumlag þeirra (þ.e. PRO) þarf að vera gerandi; en aukafallsfrumlög eru aldrei gerendur, og gerandi verður alltaf að vera í nefnifalli.⁸ Á þetta

⁸ Höskuldur Þráinsson hefur bent mér á að setningar af þessu tagi þar sem PRO er ekki GERANDI, heldur gegnir öðru merkingarhlutverki (t.d. SKYNJANDI/REYNANDI eða ÞEMA), eru hæpnar, enda þótt hið ósýnilega frumlag aukasetningarinnar (PRO) ætti að standa í nefnifalli:

- (i) a. Ég hlakka til jólanna.
b. ?*Ég reyndi að hlakka til jólanna.

bendir Höskuldur Þráinsson (1979:301), sem segir að setningar á við (13a) séu „among the better ones“ og tekur fram að sumir málhafar felli sig alls ekki við slíkar setningar.⁹

Því er ekki að neita að kenningar um frumlagseðli aukafallsnafnliða í fornu máli myndu styrkjast talsvert ef þar myndust einhverjar setningar á við (13). Ég held því á hinn bóginn hiklaust fram að sú staðreynd að slík dæmi hafa ekki fundist dragi ekkert úr líkunum á því að sú kenning standist; það sé alls ekki við því að búast að slík dæmi finnist. Eins og við komum að hér á eftir (í 3.3) má þó finna í fornu máli dæmi sem hugsanlegt er að túlka á þennan veg.

2.4 Afturbeyging

Eins og áður segir er tæplega hægt að nota hegðun afturbeygingar í fornu máli sem rök fyrir frumlagseðli aukafallsnafnliða, eins og hægt er í nútímamáli. Því hefur hins vegar vegar stundum verið haldið fram að nota mætti afturbeygingu sem rök **gegn** aukafallsfrumlögum. Þannig halda Cole, Harbert, Hermon & Sridhar (1980) því fram að einu tilvikin þar sem afturbeyging vísi til aukafallsnafnliðar séu með sögninni *þykja*. Í þetta vitnar svo Kristoffersen (1991), en heldur því fram að í þessu tilliti sé munur á hegðun afturbeygða fornafnsins *sig* og beygingarmynda þess, *sér* og *sín*, annars vegar, og afturbeygða **eignar**fornafnsins *sinn* hins vegar:

Faarlund 1980 peiker på at det refleksive pronomenet *sik* og eigendomspronomenet *sinn* med reflektiv funksjon i norrønt også kan vise til andre ledd enn subjektet. [...] Faarlunds konklusjon på dette er at eit nominativsledd i norrønt på dette punktet ikkje skil seg frå substantivledd med andre kasus: Dei kan alle kontrollere refleksive pronomen. Her ser det likevel ut til at han har oversett eit viktig skilje mellom dei to pronomena (Kristoffersen 1991:81-82).

Sá mikilvægi munur sem Kristoffersen segir að Faarlund hafi yfirsést er sá að í öllum tilvikum þar sem afturbeyging er notuð í vísun til aukafallsnafnliðar sé um afturbeygt eignarfornafn að ræða, en ekki afturbeygða fornafnið *sig*. Hann telur að sú staðreynd að ekki finnist dæmi um hið síðarnefnda bendi til þess að viðkomandi aukafallsnafnliðir hafi ekki verið frumlög í fornu máli.¹⁰

-
- (ii) a. Ég datt ekki niður stigann.
b. ??Ég reyndi að detta ekki niður stigann.

Þetta sýnir enn frekar að það er ekki fall frumlagsins, heldur merkingarhlutverk þess, sem skiptir meginmáli, enda þótt fallið geti líka haft áhrif, sbr. 9. nmgr.

⁹ Höskuldur vekur líka athygli á (1979:470) að e.t.v. liggi þar ekki eingöngu merkingarlegar ástæður að baki, heldur líka beygingarlegar; í slíkum setningum glattist viðbótarupplýsingar sem felast í aukafallinu.

¹⁰ Kristoffersen heldur því fram að hið sama komi í ljós þegar skoðuð eru afturbeygingardæmi Nygaards (1905):

Ogsá eksemplutvalet på dette punktet hos Nygaard (1905:338-340) stadfester forskjellen mellom *sik* og *sinn*. Mellom eksempla på pronomen som refererer til subjektet, finn me både *sik* og *sinn*; mellom dei som refererer til andre ledd enn subjektet, finn me bare *sinn* (Kristoffersen 1991:83).

I nýslandsk kontrollere subjekt i alle kasus, men ikkje objekt, refleksive pronomen. I norrønt er det ein skilnad på det refleksive pronomenet *sik* og eigendomspronomenet *sinn*, ved at bare subjekt kan kontrollere *sik*, mens også ledd med andre funksjonar kan kontrollere *sinn* (Kristoffersen 1994:59).

Í ritgerð sinni (1991) minnst Kristoffersen reyndar á að *þykja* sé undantekning, og nefnir einnig eitt dæmi með *sýnast*. Í grein sinni frá 1994 staðhæfir hann hins vegar að *sig* vísi eingöngu til frumlags, og á þar við nefnifallsfrumlag, en nefnir engar undantekningar. En þessi umfjöllun er gölluð.

Þess er reyndar tæpast að vænta að mörg dæmi finnist af þeirri tegund sem Kristoffersen ræðir um. Stór hluti þeirra sagna sem taldar eru taka aukafallsfrumlög í nútímamáli eru sagnir sem taka tvo rökliði, annan í þágufalli og hinn í nefnifalli; og nefnifallsliðurinn er þá talinn andlag. En afturbeygða fornafnlið hefur ekkert nefnifallsform, eins og alkunna er; þannig að ekki er við því að búast að afturbeyging finnist í slíkum dæmum.

Þær sagnir sem taka tvo aukafallsnafnliði eru fáar, og fæstar þess eðlis að búast megi við vísun milli liðanna tveggja; sagnir eins og t.d. *dreyma* og *vanta*. Helst mætti búast við að finna dæmi þar sem afturbeygða fornafnlið væri í forsetningarlið, eða þar sem sögnin tekur með sér nafnháttarsetningu með sögn sem einnig tekur aukafallsnafnlið í frumlagssæti, sem vísar í aukafallsnafnlið móðursetningarinnar. Talsvert er af dæmum um hvorttveggja, og ekki bara með so. *þykja*, heldur líka með *virðast* og *sýnast*.

- (14) a. En þeim_i þykja áður brotin lög á sér_i. (Eyrbyggja saga, s. 622)
b. segir að honum_i þótti maður koma að sér_i ógurlegur (Sneglu-Halla þáttur, s. 2215)
c. ef honum_i þykir sér_i það nokkuð fullting. (Egils saga Skalla-Grímssonar, s. 467)
d. og er það eigi kynlegt að slíkum mönnum_i þyki allt lágt hjá sér_i. (Laxdæla saga, s. 1611)
e. En er hann sá bréf þetta virðist honum_i það bréf fjórráð við sig_i (Íslendinga saga, s. 352)
f. Nú sýndist Lofti_i sér_i óvarlegt að sitja í Dýrafirði fyrir ófriði Þorvalds (Hrafns saga Sveinbjarnarsonar, s. 232)

Dæmi með *virðast* og *sýnast* eru vissulega fá, en þær sagnir eru líka fremur sjaldgæfar í fornu máli. Dæmi með *þykja* eru hins vegar mýmörg, öfugt við það sem ætla mætti af umfjöllun Kristoffersens (1991, 1994). En þessi dæmi sýna ótvírætt að *sig* gat vísað til aukafallsnafnliðar; og í ljósi þess að afturbeyging virðist yfirleitt haga sér eins hvort sem um er að ræða *sig* eða *sinn*, bæði að fornu og nýju, þá kæmi á óvart ef sá munur sem

Þetta er hins vegar rangt. Meðal dæma um vísun afturbeygðs fornafn til andlags hefur Nygaard (1905:339) nefnilega þessi:

- (i) a. úlfnum_i þótti sér_i það ekki ofurefli
b. þá þótti þeim_i, er fúsir voru fararinnar og bannað var, súrskapur mikill hafður við sig_i

Kristoffersen telur sig finna væri í raun og veru fyrir hendi. Ég held því sem sagt fram að svo sé ekki, og afturbeyging verði því alls ekki notuð sem rök gegn aukafallsfrumlögum í fornu máli.

Niðurstaða Kristoffersens (1991) er sú að enda þótt einstöku sagnir í fornmáli taki með sér aukafallsnafnliði sem hafi ákveðna eiginleika sameiginlega með frumlögum, þá vegi það ekki þungt í samanburði við rökin fyrir aukafallsfrumlögum í nútímaíslensku.

Íslandsk har oblike subjekt, med ei rad eigenskar, også formelle, felles med nominativssubjektet. Norrønt, historisk sett forgjengaren til islandsk, har ved noen få verb oblike ledd som deler enkelte eigenskar med subjekt. Samanlikna med oblike subjekt i nyislandsk, er det snakk om svært få eigenskar [...] (Kristoffersen 1991:89).

Niðurstaða Mørcks (1992) er einnig sú að rök fyrir aukafallsfrumlögum í fornmáli séu ekki nægileg til að hafna hinni hefðbundnu skoðun að frumlag skuli vera í nefnifalli.

[...] vi har endt opp med en tradisjonell definisjon av subjektet som innebærer at dette leddet blir avgrensa til å omfatte bare nominativledd [...] (Mørck 1992:95).

3. Ný rök með aukafallsfrumlögum

3.1 Tvær leiðir

Kristoffersen (1994) dregur þá ályktun af athugun sinni að svara verði neitandi þeirri spurningu hvort forníslenska hafi haft aukafallsfrumlög. En um leið bendir hann á að frumlagsprófin sem hann beitir gefi í fæstum tilvikum neikvæða niðurstöðu, heldur sé ekki hægt að beita þeim á fornmálið.

Sett í lys av drøftinga ovanfor blir svaret nei på spørsmålet om norrønt har oblike subjekt. Det som samtidig er heilt klart, er at testane i dei fleste tilfelle ikkje gir negativt svar, men heller at dei ikkje fungerer på norrønt (Kristoffersen 1994:60).

Staðan er sem sé þessi: Í fornmáli má finna mikinn fjölda margvíslegra setninga með aukafallsnafnliðum, sem yrðu greindir sem frumlög í sambærilegum setningum í nútímamáli. Við höfum ekki fundið nein rök sem mæli gegn slíkri greiningu í fornmálinu, en við höfum ekki heldur fundið nein próf sem sýni ótvírætt að þarna sé um frumlög að ræða. Og hvað er þá til ráða?

Hér er hægt að fara tvær leiðir, og að mínu mati eru báðar fullkomlega eðlilegar og réttlætanagerar. Valið milli þeirra hlýtur því að byggjast á viðhorfi hvers og eins til tungumálsins eða málfræðinnar í heild.

Önnur leiðin er sú að segja: Við getum sýnt fram á það með ýmiss konar prófum að umræddir aukafallsliðir eru setningafræðileg frumlög í nútímamáli. Úr því að samsvarandi setningar koma fyrir að fornu, og virðast vera merkingarlega hliðstæðar, þá er eðlilegast að líta svo á sem þessir liðir hafi þá einnig verið frumlög, enda þótt við getum ekki beitt prófum til að sýna fram á það.

Hin leiðin er að segja: Jú, prófin benda vissulega til þess að aukafallsfrumlög séu til í

nútímaíslensku. Á hinn bóginn eru aukafallsfrumlög sjaldgæf í tungumálum, og þess vegna getum við ekki fallist á þau nema til þess liggi alveg ótvíræð rök. Þótt við finnum hliðstæðar setningar með aukafallsnafnliðum í fornu máli getum við ekki yfirfært greiningu nútímamáls á þær; það nægir ekki að sýna að aukafallsliðirnir **geti** hafa verið frumlög í fornu máli, heldur verður að sýna að þeir **hljóti** að hafa verið það.

Eins og áður segir tel ég að báðar þessar leiðir séu vel verjandi, og ef við hefðum eingöngu setningar eins og þær sem skoðaðar hafa verið fram að þessu til að byggja á gæti hver haft sína kreddu um þetta. Kristoffersen og Mørck velja greinilega síðarnefndu leiðina, en ég hefði tilhneigingu til að velja þá fyrri. Þá gæti ég líka látið þessari grein lokið.

Ég held hins vegar að við þurfum ekki að láta hér við sitja. Það má þrátt fyrir allt finna í fornum textum ýmsar setningar og setningagerðir sem ég held að dugi til að sýna fram á að aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli rétt eins og í nútímamáli. Eða kannski ekki sýna fram á - það er alltaf óvarlegt að nota slíkt orðalag, og ég held raunar ekki að það hafi enn verið „sýnt fram á“ að aukafallsfrumlög séu til í nútímamáli, ef út í það er farið, þótt færð hafi verið að því ýmis sterk rök. Það er hins vegar hæpið að nokkurn tíma sé hægt að sanna nokkuð í málfræði; og eftir stendur auðvitað að ef menn gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði að frumlag standi í nefnifalli og stjórni persónu og tölu sagnar þá hefur nútímaíslenska ekki aukafallsfrumlög, og fornmálið auðvitað ekki heldur. Það sem ég þykist geta sýnt fram á er hins vegar að öfugt við það sem stundum er haldið fram, þá séu rökkin fyrir aukafallsfrumlögum í fornu máli lítið sem ekkert veikari en í nútímamáli.

3.2 Orðaröð

Eitt megineinkenni frumlaga í íslensku er auðvitað að þeim er „eðlilegt“ að standa fremst í setningu. Sjaldnast er þó hægt að nota þetta sem röksemd fyrir því að tiltekinn liður sé eða sé ekki frumlag, því að auðvitað er hægt að færa aðra liði fremst í setningu með kjarnafærslu. Það má þó benda á að aukafallsfrumlög þurfa ekki, frekar en önnur frumlög, að hafa verið nefnd áður eða vísa til þekktra liða þótt þau standi fremst; að þessu leyti eru þau frábrugðin andlögum, eins og Höskuldur Þráinsson (1979) hefur bent á:

[...] it should be emphasized here that Ss with PVONS do not seem to obey the same discourse conditions as Ss with topicalized NPs normally do. The PVONS do not have to be "already established discourse topics" as topicalized NPs normally are in Icelandic [...]. Consequently, there is nothing wrong with Ss containing PVONS as out-of-the-blue discourse starters (Höskuldur Þráinsson 1979:467).

Þetta atriði er þó mjög vandmeðfarið, ekki síst þegar um fornmál er að ræða. Samt sem áður er athyglisvert að þegar nefnifallsliðurinn stendur á undan sögn eins og *líka* er þar oftast á ferðum ábendingarfornafn, eins og í eftirfarandi dæmum:

(15) a. Þetta líkaði Melkorku þungt, þótti fóstrið of lágt

(*Laxdæla saga*, s. 1554)

b. Það líkaði Eyjólfu illa.

(*Ljósvetninga saga*, s. 1708)

c. Sá kostur líkar mér vel

(*Fóstbræðra saga*, s. 809)

d. Sjá ráðagerð líkaði flestum mönnum vel en þó var sem mælt er að hver á vin með

- óvinum. *(Ólafs saga helga, s. 323)*
e. Það nafn líkaði Svíum illa og kölluðu að aldregi hefði Svíakonungur Jakob heitið. *(Ólafs saga helga, s. 342)*

Öðru máli gegnir hins vegar þegar þágufallsliðurinn er fremstur; þá eiga t.d. óákveðnir liðir, sem kjarnafærslu er sjaldan beitt á, auðvelt með að standa fremst, eins og hér sést:

- (16) a. Mönnum fannst mikið um sýn þessa. *(Bárðar saga Snæfellsáss, s. 69)*
b. Mönnum þótti mikil tíðindi um þessa ráðagerð *(Eiríks saga rauða, s. 522)*
c. Öllum þótti þetta hið mesta þrekvirki orðið af tólf vetra gömlum manni. *(Finnboga saga ramma, s. 631)*
d. Öllum þótti Skagfirðingar mikinn drengskap sýnt hafa *(Grettis saga Ásmundarsonar, s. 1067)*
e. Ábóta líkar illa fjárupptektin þótt sakir væru til *(Svínfellinga saga, s. 553)*

Í þessum dæmum er það greinilega þágufallsliðurinn sem hagar sér eins og dæmigert frumlag; þarf ekki að vísa til einhvers sem áður er nefnt. Nefnifallsliðurinn hagar sér aftur á móti eins og dæmigerður kjarnafærður liður.

Orðaröð í aukasetningum er mun fastari en í aðalsetningum. Það er miklu sjaldgæfara í aukasetningum en aðalsetningum að annar liður en frumlag, t.d. andlagið, sé fært fremst; og í sumum tegundum aukasetninga gengur slíkt alls ekki. „Virgni kjarnafærslu er mismunandi bæði eftir tengingum aukasetninganna svo og merkingarflokkum þeirra“ segir Friðrik Magnússon (1990:115) og bætir síðar við (1990:117):

Í setningum tengdum með *ef, en, meðan, og, síðan, uns* og *þegar* er kjarnafærsla yfirleitt frekar stíð þótt í flestum þessara setningagerða megi finna góð eða a.m.k. sæmileg dæmi um kjarnafærslu.

Sama máli virðist gegna um forníslensku, þótt ég geti ekki fullyrt að allar áðurnefndar tengingar hagi sér þar á sama hátt og í nútímamáli.¹¹ Það er því forvitnilegt að kanna stöðu aukafallsnafnliða í aukasetningum. Ef þeir standa venjulega á undan sögn er það skýr frumlagshegðun, og bendir til þess að staða þeirra fremst í aðalsetningum sé ekki af völdum kjarnafærslu. Lítum nú á nokkur dæmi:

- (17) a. Jarl spurði Björn ef honum væri kunnleiki á Þórði. *(Bjarnar saga Hítðalakappa, s. 77)*
b. En ef honum þykja á því óhægindi þá farið þér hingað. *(Droplaugarsona saga, s. 365)*
c. Hann bað hvern að varast að ganga framan að honum meðan honum voru eigi nábjargir veittar. *(Eyrbyggja saga, s. 579)*

¹¹ Í nær öllum formálsdæmum sem ég hef fundið um aukafallsnafnlið næst á eftir einhverri þessara aukatenginga er um að ræða nafnlið sem yrði greindur sem frumlag í nútímamáli. Í örfáum dæmum er óljóst hvernig á að greina aukafallsnafnliðinn; en ég hef ekki fundið neitt dæmi um aukafallsnafnlið næst á eftir einhverri þessara tenginga þar sem nefnifallsliður væri líka í setningunni. Ég hef þó ekki skoðað þetta mjög nákvæmlega; en slík dæmi, ef þau finnast, eru a.m.k. örugglega fá.

- d. Nú skuluð þér segja honum þau mín orð að eg mun verja oddi og eggju Noreg meðan mér endast lífdagar til (Ólafs saga helga, s. 412)
- e. Leið nú svo fram uns Þorfinns var heim von. (Grettis saga Ásmundarsonar, s. 985)
- f. Þegar honum þykir von að Bolli muni norðan ríða þá safnar hann mönnum og ætlar að sitja fyrir Bolla (Bolla þáttur, s. 2099)
- g. En það var þá siður þegar konungi var völlum haslaður að hann skyldi eigi herja að skammlausu fyrir en orustu væri lokið. (Egils saga Skallagrímssonar, s. 432)

Þetta er aðeins örlítið brot þeirra dæma sem finna má um aukafallsnafnliði fremst í aukasetningum, á eftir aukatengingum sem ekki leyfa kjarnafærslu í nútímamáli. Vissulega mætti láta sér detta í hug að segja að hér væri ekki á ferðum kjarnafærsla, heldur stílfærsla, sem lýtur öðrum lögmálum. Hún er yfirleitt auðveld á eftir flestum tegundum aukasetninga (sbr. Friðrik Magnússon 1990), en á móti kemur að hún krefst þar yfirleitt frumlagseyðu (sbr. Maling 1980). En í öllum þessum dæmum er nefnifallsliður einnig í aukasetningunni, þannig að þar er vænlegur frambjóðandi í frumlagssætið. Samt sem áður stendur aukafallsnafnliðurinn fremstur, rétt eins og hann myndi gera í nútímamáli. Ef aukafallsnafnliðurinn er ekki talinn frumlag í þessum setningum er því ekki hægt að telja nefnifallsliðinn frumlag heldur; þess í stað verður að segja að setningarnar séu frumlagslausar.

3.3 Andlæg frumlagslyfting

Eins og áður var nefnt beitti Helgi Bernóðsson (1982) þrem frumlagsprófum á aukafallsnafnliði í fornu máli. Tvö þeirra, afturbeyging og tengieyðing, hafa þó sennilega lítið gildi, eins og Halldór Ármann Sigurðsson (1994) benti á og rakið var hér að framan. Halldór minnst hins vegar ekki á þriðja prófið, og ég sé ekki betur en það sé gott og gilt. Það er svokölluð „andlæg frumlagslyfting“ (subject-to-object raising, sjá einkum Höskuld Þráinsson 1979), „afbrigðileg fallmörkun“ (exceptional case marking), „þolfall með nafnhætti“ (accusativus cum infinitivo) eða hvaða nafn menn vilja hafa á þessari formgerð. Með því er átt við það þegar frumlag fyllisetningar (sem ákveðnar sagnir taka með sér) fer að haga sér eins og andlag; fer að standa í þolfalli (ef um nefnifallsfrumlag var að ræða) og hættir að stjórna persónu og tölu sagnar. Þetta er sýnt í (18b):

- (18) a. Ég tel [að Sveinn hafi lesið bókina].
- b. Ég tel [Svein hafa lesið bókina].

Í (18b) kemur fram að sá liður sem samsvarar frumlagi aukasetningarinnar í (18a), *Sveinn*, fær dæmigert andlagsfall, þ.e. þolfall; og sögnin í aukasetningunni stendur í nafnhætti, í stað persónuháttar í (18a). Samt sem áður virðist ljóst að *Sveinn* hefur sama merkingarhlutverk í (18b) og í (18a); er í báðum tilvikum gerandi með sögninni *lesa*.

Höskuldur Þráinsson (1979) hefur fjallað ítarlega um þessa setningagerð, og fært að því rök að eingöngu frumlög geti breytt um stöðu á þennan hátt. Þó er ljóst að aukafallsnafnliðir haga sér að mörgu leyti eins:

athugað er að sögn aðalsetningarinnar (*kveðast*) er alls staðar í miðmynd. Miðmyndarendingin er orðin til úr afturbeygða fornafninu, þannig að hér virðist mega líta svo á að þessar setningar séu í raun hliðstæðar við setningarnar í (20).

En reyndar er ekki ljóst hvernig beri að greina setningar af þessu tagi. Mér sýnast tveir möguleikar koma til greina. Annars vegar má láta sér detta í hug að greina miðmyndarsagnirnar setningafræðilega sem tvær eindir, sögn og fornafn, sem standi í tveim aðskildum básum í grunngerð setningarinnar. Samruni þeirra sé svo einhvers konar hljóðfræðilegt yfirborðsfyrirbæri. Kjartan Ottósson (1992:68) hafnar þó ákveðið slíkri greiningu miðmyndarsagna, og færir ýmis rök fyrir máli sínu.¹³

Annar möguleiki er sá að telja miðmyndarsagnirnar til völdunarsagna (control verbs) sem taki með sér PRO-nafnhætti, eins og Anderson (1990:266) gerir ráð fyrir. Þá er grunngerðin einhvern veginn svona:

(22) Hann_i sagðist [PRO_i hafa lesið bókina]

Ef svo er, þá eru setningarnar í (21) einmitt af þeirri tegund sem lýst var eftir hér að framan, og sumir telja fullnaðarsönnun fyrir frumlagseðli aukafallsnafnliða. En vissulega eru ekki allir á einu máli um eðli slíkra setninga (sjá t.d. Anderson 1990:265-266; Andrews 1990:200-202).

3.4 Frumlæg frumlagslyfting

Annað próf, þessu skylt, er það sem kalla mál frumlæga frumlagslyftingu (subject-to-subject raising, sjá Höskuld Þráinsson 1979). Þetta felst í því að frumlag fyllisetningar er fært í frumlagssæti móðursetningarinnar; það er því aðeins hægt að sögn móðursetningarinnar úthluti engu ytra merkingarhlutverki (þ.e. engu merkingarhlutverki til frumlags) og það sé því autt í grunngerð (d-gerð). Þær sagnir sem hér um ræðir eru í nútímamáli einkum *sýnast* og *virðast*:

- (23) a. ____ virðist [Sveinn hafa lesið bókina].
b. Sveinn_i virðist [t_i hafa lesið bókina].

(23a) táknar hér grunngerð setningarinnar, en í (23b) hefur frumlag aukasetningarinnar verið fært í frumlagssæti aðalsetningarinnar, og skilur eftir sig spor á upphafsstað sínum, eins og

¹³ Það sem mælir gegn þessu er m.a. að sagnfyllingar haga sér ekki á sama hátt í með miðmyndarsögn og germyndarsögn + afturbeygðu fornafni; standa í nefnifalli með miðmyndarsögninni, en sambeygjast þolfallsfrumlaginu, eins og (i) sýnir:

- (i) a. Hann sagðist [vera ríkur].
b. Hann sagði [sig vera ríkan].

Þar að auki er merkingin ekki alltaf sú sama, enda þótt svo sé í (i); en *telst* í (ii) merkir ekki sama og *telur sig*.

- (ii) a. Hann telst [vera ríkur].
b. Hann telur [sig vera ríkan].

sammerkingin sýnir. Þannig er einnig hægt að fara með aukafallsfrumlög í nútímamáli:

- (24) a. ___ virðist [Sveini leiðast bókin.]
b. Sveini_i virðist [t_i leiðast bókin.]

Þágufall frumlagsins í (24b) hlýtur að vera komið úr aukasetningunni, enda úthlutar *virðast* ekki þágufalli til frumlags síns, eins og (23b) sýnir. Setningar af þessu tagi eru því sterk rök fyrir því að „lyfting“ verði með sögnum eins og *virðast*.

Eftir því sem ég best veit hefur þessu prófi yfirleitt ekki verið beitt á forníslensku; eitt af því sem gerir það erfitt er að *sýnast* og *virðast* haga sér þar öðruvísi en í nútímamáli. Samt sem áður er hægt að finna allnokkur dæmi með sögnunum *kveðast* og *látast* sem virðast vera sama eðlis og (24) (sjá líka Eirík Rögnvaldsson 1995):

- (25) a. **Árna** kvaðst það illt þykja. *(Svínfellinga saga, s. 565)*
b. **Hrafni Oddssyni** kvaðst það vel líka er nafnar hans voru þeim í sinni. *(Íslendinga saga, s. 666)*
c. **Honum** kveðst það lög sýnast að nokkuð hefði fyrir komið *(Grettis saga Ásmundarsonar, s. 966)*
d. **Honum** kvaðst illa hug um segja en játar þó að vita hvernig til vill takast um sinn. *(Reykðæla saga, s. 1777)*
e. En **henni** lést agasamlegt þykja og kvað eigi kvinna vist þar vera. *(Hákonar saga herðibreiðs, s. 810)*
f. Og þessa gerð sagði Sturla upp en **Þórhalli** læst vel líka og svo konu hans *(Sturlu saga, s. 85)*
g. Lést **honum** og það mestu þykja skipta. *(Íslendinga saga, s. 374)*

Hér stendur (yfirborðs)frumlag aðalsetningarinnar alls staðar í þágufalli, þótt sögn aðalsetningarinnar taki annars ekki þágufallsfrumlag. Ekki virðist önnur leið til að skýra þágufallið en sú að telja það komið úr aukasetningunni, enda „vantar“ alltaf þágufallslið í aukasetninguna. Auðvitað er vel hugsanlegt að færa aðra liði en frumlag úr aukasetningu fremst í aðalsetningu (með kjarnafærslu); en það ætti ekki að hafa þau áhrif að sögn aukasetningarinnar stæði í nafnhætti í stað persónuháttar, eins og hér gerist. Þar að auki eru þess dæmi ((25g), eins og Höskuldur Þráinsson vakti athygli mína á) að aukafallsnafnliðurinn standi ekki fremst í aðalsetningunni, eins og hann ætti að gera ef um kjarnafærslu væri að ræða. Ég tel því að setningar eins og (25) styrki mjög kenninguna um tilvist aukafallsfrumlaga í fornu máli.

3.5 Afturbeyging

Síðasta röksemdin sem ég nefni varðar langdræga afturbeygingu, þ.e. vísun með afturbeygðu fornafni úr aukasetningu í yfirskipaða setningu. Hún er reyndar mun sjaldgæfari í fornu máli en síðar varð (sbr. Friðrik Magnússon 1985), en ég hef þó fundið allnokkur dæmi um hana. Þegar hún kemur fyrir á annað borð, virðist hún lúta sömu lögmálum um undanfara og í nútímamáli; getur aðeins vísað til frumlags yfirskipaðrar setningar, en ekki andlags, eins og

Halldór Ármann Sigurðsson (1990:311) hefur bent á. Hér skiptir því ekki máli að vísun afturbeygðra fornafna til andlags er algengari að fornu en nýju; það tekur aðeins til skammdrægrar afturbeygingar, þ.e. vísunar innan einfaldrar setningar.

Það er því forvitnilegt að skoða hvort einhver dæmi finnist um það langdræga afturbeygingu sem vísi til aukafallsnafnliðar. Slík dæmi eru reyndar til:

- (26) a. Og er konungur frétti það þá líkar honum_i eigi þarvist þeirra og þykir eigi örvænt [að þeir muni þar eflast ætla til móts við sig_i].
(*Geirmundar þáttur heljarsskinns*, bls. 3)
- b. og þótti honum_i [sem fóstura sínum_i mundi mein að verða].
(*Ljósvetninga saga*, s. 1681)
- c. Hina næstu nótt eftir er Gestur var skírður dreymdi hann_i [að Bárður faðir sinn_i kæmi til hans].
(*Bárðar saga Snæfellsáss*, s. 73)

Ég hef í fljótu bragði ekki fundið fleiri dæmi en þessi þrjú. Þar verður þó að athuga að langdræg afturbeyging er sjaldgæf í fornu máli, eins og áður segir, þannig að vart er við því að búast að mörg dæmi finnist. En þessar setningar benda a.m.k. ótvírætt til frumlagshæðunar aukafallsnafnliðanna.

4. Niðurstöður

Ég tel mig nú hafa sýnt fram á að þau rök sem færð hafa verið **gegn** tilvist aukafallsfrumlaga í fornu máli standast ekki; og jafnframt má finna ýmis rök sem mæla **með** tilvist aukafallsfrumlaga að fornu. Athugið vel að ég er hér að halda því fram að **fyrirbærið** aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli; þ.e., einhver dæmi hafi þar verið um að nafnliðir í aukafalli gætu gegnt frumlagshlutverki. Þar með er ekki sagt að allir þeir aukafallsnafnliðir sem hægt er að sýna fram á með prófum að séu frumlög í nútímamáli hafi líka verið það í fornu máli. Í sumum tilvikum virðast aukafallsnafnliðirnir hafa gegnt öðrum merkingarhlutverkum í fornu máli en þeir gera nú, og það getur haft áhrif á þetta. Um þetta eru t.a.m. dæmi með so. *dreyma*:

- (27) a. Þá dreymdi mig **hin sama kona** og fyrr (Laxdæla saga, s. 1615)
- b. **Sá maður** dreymir mig jafnan (Hallfreðar saga vandræðaskálds, s. 1206)
- c. og nú dreymdi mig **sú hin verri konan**. (Gísla saga Súrssonar, s. 931)
- d. En ekki vita þá draumar þeir er mig hafa dreymt í nótt ef þér eruð þá jafnfúsir.
(Þorgils saga skarða, s. 722)

Í nútímamáli tekur *dreyma* yfirleitt tvo þolfallsliði. Hér birtist annar þeirra, sá sem eðlilegt er að greina sem andlag og ÞEMA í nútímamáli, þess í stað í nefnifalli í (27a-c). Í tilvísunarsetningunni í (27d) sýnir fleirtala hjálparsagnarinnar (*hafa*) að viðkomandi liður ætti að vera í nefnifalli. E.t.v. er rétt að greina þann lið sem einhvers konar GERANDA, og þar með frumlag. Svipuð dæmi má einnig finna með *virðast* og *sýnast*:

- (28) a. Hún sýndist honum ríða grám hesti (Gísla saga Súrssonar, s. 888)

- b. Því ráðum við þér þetta að þér tækist allt vel því að þú virðist okkur vaskur mjög.

(*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1410)

Ég hef tilhneigingu til að halda að nefnifallsliðurinn sé frumlag í þessum dæmum, þótt erfitt sé að skera úr um það; en með þessu er ég alls ekki að segja að umræddar sagnir hafi **alltaf** tekið nefnifallsfrumlag í fornu máli. Í þessu sambandi má þó minna á að Helgi Bernóðsson (1982) hefur sýnt fram á að sumar sagnir sem taka nefnifalls- og þágufallslið geta haft þá báða að frumlagi; sá þeirra sem frammar stendur stenst þá frumlagsprófin. Það er auðvitað nógu erfitt að sýna fram á að fyrirbærið aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli; útilokað er að skera úr um stöðu einstakra sagna í því sambandi. Það er hins vegar nóg að finna einhver ótvíræð dæmi.

En niðurstaða mín er sú að engin eðlisbreyting hafi orðið á málinu frá formáli til nútímamáls hvað varðar fyrirbærið aukafallsfrumlög; þau hafi verið til að fornu, en hins vegar geta vensl einstakra sagna við rökliði sína hafa breyst.

Textar

Íslendinga sögur; ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík, 1985-86:

Bandamanna saga, Bárðar saga Snæfellsáss, Bjarnar saga Hítðælakappa, Bolla þáttur, Brennu-Njáls saga, Droplaugarsona saga, Egils saga Skalla-Grímssonar, Eiríks saga rauða, Eyrbyggja saga, Finnboga saga ramma, Flóamanna saga, Fóstbræðra saga, Gísla saga Súrssonar, Grettis saga Ásmundarsonar, Hallfreðar saga vandræðaskálds, Hávarðar saga Ísfirðings, Hrafnkels saga Freysgoða, Kjalnesinga saga, Króka-Refs saga, Laxdæla saga, Ljósvetninga saga, Reykdæla saga, Sneglu-Halla þáttur, Svarfdæla saga, Víga-Glúms saga, Þorsteins þáttur uxafóts, Þórðar saga hreðu.

Sturlunga saga; ritstj. Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfsdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík, 1988:

Guðmundar saga dýra, Hrafn's saga Sveinbjarnarsonar, Íslendinga saga, Sturlu saga, Svínfellinga saga, Þorgils saga og Hafliða, Þorgils saga skarða.

Heimskringla; ritstj. Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Reykjavík, 1991:

Hákonar saga herðibreiðs, Ólafs saga helga.

Heimildir

Anderson, Stephen R. 1990. The Grammar of Icelandic Verbs in *-st*. Joan Maling & Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*. Syntax and Semantics 24, bls. 235-273. Academic Press, San Diego.

Andrews, Avery. 1976. The VP-Complement Analysis in Modern Icelandic. *NELS* 6:1-21.

- [Endurpr. 1990 í Joan Maling & Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax. Syntax and Semantics* 24, bls. 165-185. Academic Press, San Diego.]
- Andrews, Avery. 1990. Case Structures and Control in Modern Icelandic. Joan Maling & Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax. Syntax and Semantics* 24, bls. 187-234. Academic Press, San Diego.
- Barnes, Michael. 1986. Subject, Nominative, and Oblique Case in Faroese. *Scripta Islandica* 38:3-35.
- Chomsky, Noam. 1993. A Minimalist Program for Linguistic Theory. Samuel Jay Keyser & Kenneth Hale (ritstj.): *The View from Building 20. Essays in Linguistics in Honor of Sylvain Bromberger*, bls. 1-52. MIT Press, Cambridge, Mass.
- Cole, Peter, Wayne Harbert, Gabrielle Hermon & S.N. Sridhar. 1980. The Acquisition of Subjecthood. *Language* 56:719-743.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1982. We Need (Some Kind of a) Rule of Conjunction Reduction. *Linguistic Inquiry* 13:557-561.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1991. Quirky Subjects in Old Icelandic. Halldór Ármann Sigurðsson (ritstj.): *Papers from the Twelfth Scandinavian Conference of Linguistics*, bls. 369-378. Institute of Linguistics, University of Iceland.
- Eiríkur Rögnvaldsson 1995. Old Icelandic: A Non-Configurational Language? *NOWELE* 26:3-29.
- Faarlund, Jan Terje. 1980. Subject and Nominative in Old Norse. *Scripta Islandica* 31:65-73.
- Faarlund, Jan Terje. 1987a. Transformational Passive and the Origin of NP Movement. *University of Chicago Working Papers in Linguistics* 4.
- Faarlund, Jan Terje. 1987b. Grammatisk funksjonar i eldre og yngre mál. Tove Bull, Ernst Håkon Jahr & Geirr Wiggen (ritstj.): *Mál og Medvit*. Heidersskrift til Kjell Venås på 60-årsdagen 30. november 1987. Novus Forlag, Oslo.
- Faarlund, Jan Terje. 1990. *Syntactic Change. Toward a Theory of Historical Syntax*. Mouton, Berlín.
- Faarlund, Jan Terje. 1992. The Subject as a Thematic Category in the History of Scandinavian. *Folia Linguistica* 26:151-170.
- Falk, Cecilia. 1995. Lexikalt kasus i svenska. *Arkiv för nordisk filologi* 110:199-226.
- Friðrik Magnússon. 1985. Skýrsla um sögulega afturbeygingu. Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Friðrik Magnússon. 1990. *Kjarnafærsla og það-innskot í aukasetningum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Upphaflega kandiðatsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands 1989.]
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In a Comparative GB Framework. Doktorsritgerð, Lund Universitet, Lund.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1990. Long-Distance Reflexives and Moods in Icelandic. Joan Maling & Annie Zaenen (ritstj.) *Modern Icelandic Syntax. Syntax and Semantics* 24, s. 309-346. Academic Press, San Diego.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1991. The Case of Quirky Subjects. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 49:1-26.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. *Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Upphaflega kandiðatsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands 1983.]
- Helgi Bernóðsson. 1982. Ópersónulegar setningar. Óprentuð ritgerð til kandiðatsprófs í

- íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Heusler, Andreas. 1967. *Altisländisches Elementarbuch*. 7. útg. Carl Wintar Universitätsverlag, Heidelberg.
- Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.
- Keenan, Edward. 1976. Towards a Universal Definition of "Subject". Li, Charles N. (ritstj.): *Subject and Topic*, bls. 303-333. Academic Press, New York.
- Kjartan G. Ottósson. 1992. *The Icelandic Middle Voice*. The Morphological and Phonological Development. Doktorsritgerð, Lund Universitet, Lund.
- Kristoffersen, Kristian Emil. 1991. *Kasus, Semantiske roller og Grammatiske funksjoner i norrønt*. Institutt for nordistikk og litteraturvitskap, Universitetet i Oslo.
- Kristoffersen, Kristian Emil. 1994. Passiv i norrønt og nýislandsk - ei samanlikning. *Norsk Lingvistisk Tidsskrift* 12:43-67.
- Maling, Joan. 1980. Inversion in Embedded Clauses in Modern Icelandic. *Íslenskt mál* 2:175-193.
- Mørck, Endre. 1992. Subjektets kasus i norrønt og mellomnorsk. *Arkiv för nordisk filologi* 107:53-99.
- Nygaard, Marius. 1905. *Norrøn syntax*. Aschehoug, Kristiania.
- Platzack, Christer. 1985. Narrative Inversion in Old Icelandic. *Íslenskt mál* 7:127-144.
- Zaenen, Annie, Joan Maling & Höskuldur Thráinsson. 1985. Case and Grammatical Functions: The Icelandic Passive. *Natural Language and Linguistic Theory* 3:441-482.
- Þóra Björk Hjartardóttir. 1993. *Getið í eyðurnar*. Um eyður fyrir frumlög og andlög í eldri íslensku. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Upphaflega kandiðatsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands 1987.]

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND
eirikur@rhi.hi.is

SUMMARY

The purpose of this paper is to show that Old Icelandic must be assumed to have had oblique (quirky) subjects. However, the author emphasizes that he is mainly concerned with syntactic change, not the subject or non-subject status of certain pre-verbal oblique NPs. His arguments are meant to show that the NPs in question behave in exactly the same manner in Old Icelandic as they do in the modern language; and hence, if they are analyzed as subjects in Modern Icelandic, they should be analyzed accordingly in Old Icelandic.

In the beginning of the paper, the author discusses the problem of giving a definition of the term **subject**. He then gives examples from Old Icelandic of various types of sentences with oblique NPs, which would pass most traditional subject tests in corresponding sentences from Modern Icelandic.

In the following sections, the author reviews earlier studies on oblique subjects in Old Icelandic. He claims that even though many of the traditional subject tests either are inconclusive, or not applicable to historical data, no conclusive evidence has been presented

against the existence of oblique subjects in Old Icelandic. In particular, he claims that the behaviour of imperative subject deletion, control (or Equi), and reflexivization cannot be used as evidence against the subjecthood of pre-verbal oblique NPs in Old Icelandic.

In the remaining sections, the author brings forth new evidence for the subjecthood of the NPs in question. This regards word order in both main and subordinate clauses, exceptional case-marking (subject-to-object raising), control, subject-to-subject raising, and long-distance reflexivization. With respect to all these constructions, the pre-verbal oblique NPs appear to have behaved exactly like ordinary nominative subjects (excluding the morphology, of course).

Finally, the author points out that even though the phenomenon of oblique subjects clearly existed in Old Icelandic, this does not preclude the possibility that the argument structure of certain individual verbs might have changed, and he shows some examples which point in that direction.